

**987. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 18. september  
2017 og hófst hann kl. 08:05.**

**Fundinn sátu:**

Arna Lára Jónsdóttir formaður, Kristján Andri Guðjónsson aðalmaður, Daníel Jakobsson aðalmaður og Marzellius Sveinbjörnsson áheyrnarfulltrúi.

**Embættismenn:**

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

**Dagskrá:**

**1. Ósk um áframhaldandi leigu á íbúðum í Múlalandi 12 - 2017090048**

Lagður fram tölvupóstur Sigríðar Láru Gunnlaugsdóttur, framkvæmdastjóra Héraðssambands Vestfirðinga, dagsettur 8. september sl., þar sem óskað er eftir áframhaldandi leigu á íbúðum 202 og 301 í Múlalandi 12, gegn fullri niðurgreiðslu leigu.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að leita samninga við HSV um fyrirkomulag, forgangsriðun og íbúðarval leiguíbúða til HSV.*

**2. Hádegissteinn í Bakkahyrnu ofan Hnífsdals - 2017080037**

Lagt er fram svar Hafsteins Pálssonar, f.h. Ofanflóðasjóðs, dags. 11. september sl., þar sem fram kemur að hann hafi óskað eftir því við Framkvæmdasýslu ríkisins að skoða mögulegar aðgerðir varðandi Hádegisstein í Bakkahyrnu ofan Hnífsdals.

*Lagt fram til kynningar.*

**3. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2017/2018 - 2017090050**

Lagður fram tölvupóstur Annasar Jóns Sigmundssonar, f.h. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, dagsettur 12. september sl., ásamt bréfi dagsettu 11. september sl., með auglýsingu umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2017/2018. Umsóknarfrestur er til 15. október nk.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að sækja um byggðakvóta fyrir Ísafjarðarbæ.*

**4. Framtíð líkamsræktaraðstöðu í Skutulsfirði - 2017050073**

Lögð er fram tillaga Daníels Jakobssonar, bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um að hafin verði skoðun á aðkomu bæjarins að líkamsræktaraðstöðu á Torfnesi.

*Arna Lára Jónsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson og Kristján Andri leggja fram*

*eftirfarandi bókun:*

*„Áhugasamir aðilar um opnun líkamsræktarstöðvar á Torfnesi leituðu til bæjarstjóra og formanns bæjarráðs í sumar til að ræða samstarf við bæinn um verkefnið, sem var vel tekið. Verkefnið er þegar í vinnslu og er okkur því ljúft að samþykkja tillöguna sem hér liggur fyrir. Verið er að kanna möguleika á framtíðarstaðsetningu við íþróttahúsið á Torfnesi. Æskilegt væri þó að leita samninga við eiganda þess húsnæðis sem Stúdíó Dan nýtir í dag um að hýsa líkamsræktarstöð þar til nýtt húsnæði verður tilbúið. Það er mjög mikilvægt fyrir bæjarfélagið að hér sé starfandi líkamsræktarstöð enda brýnt lýðheilsumál og eykur lífsgæði bæjarbúa.“*

**5. Þjónustuhús við tjaldsvæðið á Þingeyri - 2017010003**

Lagt fram bréf Magnúsar H. Jónssonar, f.h. Gömlu spýttunnar, dagsett 12. september sl., þar sem gerðar eru athugasemdir við breyttar forsendur útboðsins. *Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara bréfritara.*

**Gestir**

Brynjar Þór Jónasson, sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs - 08:47

**6. Suðurtangi, nýbygging gatna. - 2017010018**

Lagt fram bréf sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, Brynjars Þórs Jónssonar, dagsett 15. september 2017, þar sem lagt er til að samið verði við Gámaþjónustu Vestfjarða um verkið "Suðurtangi, nýbygging gatna".

*Bæjarráð samþykkir tillögu sviðstjóra um að samið verði við Gámaþjónustu Vestfjarða um verkið að uppfylltum skilyrðum innkaupreglna Ísafjarðarbæjar.*

Brynjar Þór Jónasson yfirgefur fundinn kl. 9:05.

**7. Ný persónuverndarlöggjöf 2018 - 2017050126**

Lagður fram tölvupóstur Svövu Bjargar Kristjánsdóttur, f.h. Persónuverndar, dagsettur 14. september sl., ásamt ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2016. Um mitt næsta ár kemur til framkvæmda ný evrópsk reglugerð um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Um er að ræða umfangsmestu breytingar sem gerðar hafa verið á persónuverndarlöggjöfinni í tvo áratugi, en löggjöfin verður innleidd hérlandis og mun ná til allrar vinnslu persónuupplýsinga á Íslandi. Hún mun því gilda um starfsemi hins opinbera, en einnig fyrir einkageirann og sveitarfélögin.

Einnig lagður fram tölvupóstur Ingibjargar Hinriksdóttur, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsettur 15. september sl., með samantekt yfir helstu breytingar á löggjöfinni.

*Lagt fram til kynningar.*

**8. Vistgerðir á Íslandi - 2017090054**

Lagt fram bréf Jóns Gunnars Ottóssonar, forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, dagsett 8. september sl., ásamt fjölritinu Vistgerðir á Íslandi.

*Bæjarráð vísar ritinu til kynningar í skipulags- og mannvirkjanefnd.*

**9. Forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda fyrir árið 2018 - 2017090051**

Lagður fram tölvupóstur Sigurðar Ármanns Snævarr, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsettur 12. september sl., ásamt minnisblaði sambandsins um forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda fyrir árið 2018 og fjárhagsáætlun til þriggja ára.

*Lagt fram til kynningar og vísað til fjármálastjóra.*

**10. Byggðasamlag Vestfjarða - þjónustusamningur og samstarfssamningur - endurskoðun 2016 - 2016100073**

Kynnt er minnisblað Gísla Halldórs Halldórssonar, dags. 15. september sl., varðandi tillögu Ísafjarðarbæjar um að sveitarfélagið verði leiðandi sveitarfélag í málaflokki fatlaðra á Vestfjörðum.

*Bæjarráð samþykkir tillögu Ísafjarðarbæjar og felur bæjarstjóra að senda upplýsingarnar til stjórnar Byggðasamlagsins.*

**Gestir**

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs - 09:10

Margrét Geirsdóttir yfirgefur fundinn kl. 9:30.

**11. Aðalfundur Hvetjanda 2017 - 2017090055**

Lagt fram aðalfundarboð Hvetjanda hf., dagsett 11. september sl.

*Kristján Andri Guðjónsson verður fulltrúi Ísafjarðarbæjar á aðalfundi Hvetjanda og fer með atkvæði Ísafjarðarbæjar.*

**12. Fjórðungssamband Vestfirðinga - fundargerðir 2017 - 2017010014**

Lagður fram tölvupóstur Aðalsteins Óskarssonar, framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga, dagsettur 8. september sl., ásamt fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 6. september s.l

*Lagt fram til kynningar.*

**13. Fjórðungssamband Vestfirðinga - fundargerðir 2017 - 2017010014**

Lögð er fram fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldinn var 6. september sl.

*Lagt fram til kynningar.*

**14. Félagsmálanefnd - 419 - 1709009F**

Fundargerð 419. fundar félagsmálanefndar sem haldinn var 12. september sl., fundargerðin er í 6 liðum.

*Lagt fram til kynningar.*

14.2 2017060043 - Námskeið fyrir eldri borgara.

Félagsmálanefnd tekur vel í erindi Fræðslumiðstöðvar og tillögu öldungaráðs og leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að hún samþykki að leitað verði leiða til að styrkja tekjulága aldraða einstaklinga til þátttöku í námskeiðum innan sveitarfélagsins.

*Bæjarráð vísar tillögunni til fjárhagsáætlunargerðar 2018 og óskar eftir frekari kostnaðarupplýsingum.*

#### **15. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 483 - 1709006F**

Lögð er fram fundargerð 483. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar sem haldinn var 13. september sl., fundargerðin er í 8 liðum.

*Lagt fram til kynningar.*

15.2 2017030092 - Torfnæs - Nýtt Deiliskipulag

Skipulags og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja auglýsta tillögu og skipulagsfulltrúa falið að svara athugasemdum í minnisblaði Verkís dags. 23. ágúst 2017

15.3 2016110020 - Sindragata 4 - Deiliskipulag

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu að deiliskipulagi fyrir Sindragötu 4, sem auglýst var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

15.4 2017010006 - Skruður, þjónustuhús.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja breytingu.

15.5 2017090031 - Kirkjuból Korpudal - Lóð undir sumarhús

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila að lóðin verði stofnuð.

#### **16. Umhverfis- og framkvæmdanefnd - 53 - 1708016F**

Lögð er fram fundargerð 53. fundar umhverfis- og framkvæmdanefndar sem haldinn var 12. september sl., fundargerðin er í 5 liðum.

*Lagt fram til kynningar.*

16.1 2017030051 - Umhverfisstefna 2017

Umhverfis- og framkvæmdanefnd vísar Umhverfisstefnu Ísafjarðarbæjar til samþykktar í bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

## **17. Íþróttá- og tómstundanefnd - 178 - 1709004F**

Lögð er fram fundargerð 178. fundar íþróttá- og tómstundanefndar sem haldinn var 13. september sl., fundargerðin er í 13 liðum.

*Lagt fram til kynningar.*

17.3 2017090018 - Beiðni um aukinn fjárstuðning

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að beiðnin verði samþykkt.

*Bæjarráð samþykkir beiðnina.*

17.4 2017050041 - Endurskoðun verkefnasamnings

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að endurskoðaður verkefnasamningur verði samþykktur.

17.5 2013060084 - Rekstur á lyftingaaðstöðu í Vallarhúsi

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að drög að samkomulagi Vestra og Ísafjarðarbæjar um notkun á vallarhúsinu við Torfnsvöll verði samþykkt.

*Bæjarráð óskar eftir fulltrúa HSV og sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs á næsta fund bæjarráðs til að ræða málið.*

17.7 2017030089 - Framtíðarskipulag skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að samið verði við SE GROUP um hönnun á skíðasvæði Ísafjarðarbæjar.

*Bæjarráð vísar tillögunni til fjárhagsáætlunargerðar.*

17.11 2012110034 - Endurskoðun erindisbréfa

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að borðað verði til fundar með ungmennum í vikunni 9.-15. október, í lýðræðisviku Evrópuþings

sveitarstjórnar, þar sem starfsemi sveitarfélagsins er kynnt og ungmenni hvött til að taka þátt í starfi ungmennaráðs.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:05**

---

Arna Lára Jónsdóttir

---

Kristján Andri Guðjónsson

---

Daníel Jakobsson

---

Marzellius Sveinbjörnsson

---

Gísli Halldór Halldórsson

---

Þórdís Sif Sigurðardóttir